

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2018
UST201801-326/B.S.
10.05.06

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Ofanflóðavarnir - Sigtún og Hjalli á Patreksfirði.
Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að byggja 400 metra langan garð ofan við göturnar Sigtún og Hjalla á Patreksfirði. Garðurinn mun standa 5-9 m yfir óhreyfðu landi. Efnisþörf er talin vera 85.000 m³ sem teknir verða úr uppgreftri ofan við garðinn og úr skeringu í hlíðinni ofan garðsins.


Fyrirhugað er að halda svarðlagi til haga til að auðvelda uppgræðslu raskaðra svæða og garðsins að framan, en þar verður hallinn breytilegur til að fella jaðra garðsins betur að landi. Gróðurfar á framkvæmdasvæðinu er fremur fábreytt og einkennist af grösum, mosa og trjám sem gróðursett hafa verið í hlíðinni. Fuglalíf er talið fábreytt og fuglar á svæðinu eru algengir varpfuglar.

Umhverfisstofnun telur að fyrir hendi sé mikil reynsla í gerð snjóflóðavarna og verklagi til að draga úr sjónrænum áhrifum þessara mannvirkja. Ef framkvæmdin og frágangur verða með þeim hætti sem lýst er í kynningarskýrslu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Gögn um framkvæmdina eru ítarleg og góð.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri